# VERÐMÆTAMAT Á SAMFÉLAGSLEGA MIKILVÆGUM GÆÐUM OG ÞJÓNUSTU

UNNIÐ FYRIR HAGFRÆÐISTOFNUN HÍ

MARS 2019

FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

# LÝSING Á RANNSÓKN

| | |
|---|---|
| Unnið fyrir | Hagfræðistofnun Háskóla Íslands |
| Markmið | Að kanna verðmætamat á samfélagslega mikilvægum gæðum og þjónustu |
| Gagnaöflun | 22. janúar – 20. mars 2019 |
| Skýrsluskil | 26. mars 2019 |
| Framkvæmd | Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands |
| Undirbúningur | Helgi Guðmundsson, Guðný Bergþóra Tryggvadóttir og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir |
| Gagnaöflun, úrvinnsla og skýrslugerð | Helgi Guðmundsson |

# EFNISYFIRLIT

Inngangur ........................................ 3

Framkvæmd og heimtur ........................................ 4

Bakgrunnsupplýsingar ........................................ 6

# INNGANGUR

Í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands er spurt um ýmis samfélagsleg málefni og það sem efst er á baugi hverju sinni.  Í janúar – mars 2019 voru þátttakendur beðnir um að velja á milli tveggja útfærslna á Hólasandslínu 3. Að auki voru þátttakendur beðnir um að meta fjórar mastrategundir og segja til um hverja þeirra þeim líkaði best og hverja síst. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir framkvæmd gagnaöflunar og bakgrunnsupplýsingum svarenda.

Könnunin náði til 5.500 meðlima í netpanel Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands. Netpanell Félagsvísindastofnunar samanstendur af fólki 18 ára og eldra á landinu öllu sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Netpanellinn byggist á tilviljunarúrtaki úr þjóðskrá. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og fylgst er vel með samsetningu hans. Meðal annars er þess gætt að dreifing kyns, aldurs, búsetu, menntunar og tekna sé sem líkust því sem hún er meðal allra landsmanna, 18 ára og eldri. Með því að tryggja gæði netpanelsins með framangreindum hætti er möguleiki á að alhæfa um niðurstöður rannsókna sem byggjast á svörum úr honum.

# FRAMKVÆMD OG HEIMTUR

Tekið var 4.000 manna lagskipt tilviljunarúrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar í janúar. Í lok febrúar var tekið 1.500 manna viðbótarúrtak (með sömu lagskiptingu) til að auka fjölda svara þar sem ekki hafði náðst það svarhlutfall sem stefnt var að. Úrtakið var lagskipt eftir kyni, aldri og kjördæmi til þess að það endurspeglaði sem best samsetningu landsmanna. Gagnaöflun hófst 22. janúar 2019 og lauk 20. mars 2019. Alls svöruðu 2.327 könnuninni að fullu. Til viðbótar voru 465 sem svöruðu a.m.k. einni spurningu, þar af voru 265 sem svöruðu yfir helmingi könnunarinnar. Ef tekið er mið af þeim sem svöruðu könnuninni að fullu er svarhlutfall 42,3% (sjá töflu 1).

### *Tafla 1. Framkvæmd könnunarinnar*

| | Úrtak | | |
|---|---|---|---|
| | Aðalúrtak | Aukaúrtak | Alls |
| Framkvæmdamáti | Netkönnun | Netkönnun | |
| Upplýsingasöfnun | 22.01 2019 - 25.02 2019 | 26.02 2019 - 20.03 2019 | |
| Fjöldi í úrtaki | 4.000 | 1.500 | 5.500 |
| *Svarendur sem klára alla könnunina* | | | |
| Fjöldi svarenda | 1.744 | 583 | 2.327 |
| Svarhlutfall | 43,6% | 38,9% | 42,3% |
| *Svarendur sem svara einhverju í könnun* | | | |
| Fjöldi svarenda | 2.090 | 702 | 2.792 |
| Svarhlutfall | 52,3% | 46,8% | 50,8% |

Síðasta áminning í aðalúrtaki var 16. febrúar, einstaklingar í aðalúrtaki gátu þó svarað fram að 20. mars þegar gagnaöflun var lokað.

Áður en gagnaöflun hófst í janúar var forkönnun á meðal 500 einstaklinga í netpanel í nóvember 2018. Þegar gagnaöflun í forkönnun lauk, var þeim sem luku forkönnun boðið að taka þátt í rýnihóp. Tveir rýnihópar voru haldnir þar sem þátttakendur rýndu í spurningar könnunar. Niðurstöður forkönnunar og rýnihóps voru nýttar til að tryggja gæði þeirrar könnunar sem send var út í janúar 2019.

Í töflu 2 má sjá dreifingu meðal svarenda og í þýði eftir kyni, aldri og kjördæmi. Eins og sjá má er munur á aldursdreifingu svarenda könnunarinnar og Íslendinga almennt, en svörun var lakari í yngsta aldurshópnum. Við gerð úrtaks var hlutfall á Norðurlandi eystra ýkt. Þetta var gert til að tryggja að nægur fjöldi svarenda kæmi af því svæði sem spurt var um í könnuninni. Svör þessa hóps voru því vigtuð niður við úrvinnslu. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og kjördæmi til þess að niðurstöður gæfu sem réttasta mynd af þýði.

### *Tafla 2. Samanburður á dreifingu eftir kyni, aldri og búsetu svarenda og þýðis*

| | Fjöldi svarenda | Hlutfall svarenda | Fjöldi í þýði | Hlutfall í þýði |
|---|---|---|---|---|
| ***Kyn*** | | | | |
| Karl | 1.190 | 51,1% | 143.894 | 51,3% |
| Kona | 1.137 | 48,9% | 136.702 | 48,7% |
| ***Aldur ****** | | | | |
| 18-30 ára | 245 | 10,5% | 68.853 | 24,5% |
| 31-45 ára | 591 | 25,4% | 74.684 | 26,6% |
| 46-60 ára | 677 | 29,1% | 66.475 | 23,7% |
| 61-75 ára | 597 | 25,7% | 49.394 | 17,6% |
| 76 ára og eldri | 217 | 9,3% | 21.190 | 7,6% |
| ***Kjördæmi ****** | | | | |
| Austurland | 61 | 2,6% | 7.720 | 2,8% |
| Norðurland eystra | 418 | 18,0% | 23.403 | 8,3% |
| Norðvesturkjördæmi | 206 | 8,9% | 25.115 | 9,0% |
| Reykjavíkurkjördæmi | 1.339 | 57,5% | 179.782 | 64,1% |
| Suðurkjördæmi | 303 | 13,0% | 44.576 | 15,9% |

Marktækur munur er á fjölda svarenda og fjölda í þýði; *$p < 0.05$, **$p < 0.01$, ***$p < 0.001$

Við úrtaksgerð (og vigtun) var þessi flokkun kjördæma notuð. Norðausturkjördæmi var skipt upp í „Austurland" og „Norðurland eystra". Hlutfall á Norðurlandi eystra var ýkt.

# BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR

Hér á eftir eru birtar bakgrunnsupplýsingar þeirra sem svöruðu allri könnuninni. Hlutföll eru vigtuð eftir kyni, aldri og kjördæmi fyrir þá sem svöruðu könnun að fullu. Það er, þeir svarendur sem svöruðu einungis hluta af könnun eru ekki með í útreikningi vigtar.

## *Tafla 3. Kyn*

| | Fjöldi | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
| Karl | 1190 | 1154 | 50% | 2,0% | 50% |
| Kona | 1137 | 1150 | 50% | 2,0% | 50% |
| **Alls** | **2327** | **2304** | **100%** | | |

## *Tafla 4. Aldur*

| | Fjöldi | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
| 18-30 ára | 245 | 563 | 24% | 1,8% | 24% |
| 31-45 ára | 591 | 612 | 27% | 1,8% | 27% |
| 46-60 ára | 677 | 544 | 24% | 1,7% | 24% |
| 61-75 ára | 597 | 410 | 18% | 1,6% | 18% |
| 76 ára og eldri | 217 | 175 | 8% | 1,1% | 8% |
| **Alls** | **2327** | **2304** | **100%** | | |

## *Tafla 5. Kjördæmi*

| | Fjöldi | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
| Austurland | 61 | 65 | 3% | 0,7% | 3% |
| Norðurland eystra | 418 | 190 | 8% | 1,1% | 8% |
| Norðvesturkjördæmi | 206 | 207 | 9% | 1,2% | 9% |
| Reykjavíkurkjördæmi | 1339 | 1476 | 64% | 2,0% | 64% |
| Suðurkjördæmi | 303 | 366 | 16% | 1,5% | 16% |
| **Alls** | **2327** | **2304** | **100%** | | |

Við úrtaksgerð (og vigtun) var þessi flokkun kjördæma notuð. Norðausturkjördæmi var skipt upp í „Austurland“ og „Norðurland eystra“.

### *Tafla 6. Hver er hjúskaparstaða þín?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Einhleyp(ur) - hef aldrei verið í hjónabandi | 294 | 418 | 19% | 1,6% | 19% |
| Í sambúð | 390 | 491 | 22% | 1,7% | 22% |
| Í hjónabandi/staðfestri samvist | 1339 | 1139 | 50% | 2,1% | 50% |
| Fráskilin(n)/skilin(n) að borði og sæng | 168 | 139 | 6% | 1,0% | 6% |
| Ekkill/ekkja | 91 | 69 | 3% | 0,7% | 3% |
| **Fjöldi svara** | **2282** | **2257** | **100%** | | |
| Vil ekki svara | 45 | 47 | | | |
| **Alls** | **2327** | **2304** | | | |

### *Tafla 7. Hversu margir búa á heimili þínu að þér meðtöldum/meðtaldri?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Býr ein(n) á heimili | 341 | 300 | 13% | 0,1% | 13% |
| Tveir búa á heimili | 767 | 689 | 30% | 0,2% | 30% |
| Þrír eða fleiri búa á heimili | 1187 | 1280 | 56% | 0,3% | 56% |
| **Fjöldi svara** | **2295** | **2269** | **100%** | | |
| Vil ekki svara | 32 | 35 | | | |
| **Alls** | **2327** | **2304** | | | |

### *Tafla 8. Hversu mörg börn, 17 ára eða yngri, búa á heimili þínu?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Engin börn á heimilinu | 1409 | 1313 | 58% | 0,3% | 58% |
| Börn á heimilinu | 871 | 946 | 42% | 0,3% | 42% |
| **Fjöldi svara** | **2280** | **2259** | **100%** | | |
| Vil ekki svara | 47 | 45 | | | |
| **Alls** | **2327** | **2304** | | | |

### *Tafla 9. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Grunnskólanám eða minna | 247 | 256 | 11% | 0,1% | 11% |
| Starfsnám | 147 | 129 | 6% | 0,1% | 6% |
| Iðnnám - verklegt nám á framhaldsskólastigi | 417 | 361 | 16% | 0,2% | 16% |
| Bóklegt nám á framhaldsskólastigi | 336 | 430 | 19% | 0,2% | 19% |
| Nám í sérskóla á háskólastigi | 128 | 111 | 5% | 0,1% | 5% |
| Grunnnám í háskóla | 532 | 519 | 23% | 0,2% | 23% |
| Meistaranám í háskóla | 429 | 421 | 19% | 0,2% | 19% |
| Doktorsnám | 27 | 24 | 1% | 0,0% | 1% |
| Annað | 5 | 4 | 0% | 0,0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **2268** | **2255** | **100%** | | |
| Veit ekki | 6 | 7 | | | |
| Vil ekki svara | 53 | 42 | | | |
| **Alls** | **2327** | **2304** | | | |

Nokkrir þátttakendur merktu við „Annað, hvað?“ og tilgreindu menntun í opnum svarreit. Svörum þessarar einstaklinga var fundinn staður í viðeigandi flokki eins og kostur var, en þegar það var ekki hægt voru svör þeirra sett undir liðinn „Annað“.

### *Tafla 10. Hver er staða þín á vinnumarkaði?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Í launuðu starfi | 1331 | 1343 | 59% | 0,3% | 59% |
| Sjálfstætt starfandi | 176 | 145 | 6% | 0,1% | 6% |
| Atvinnurekandi | 85 | 71 | 3% | 0,1% | 3% |
| Í námi | 123 | 241 | 11% | 0,1% | 11% |
| Á eftirlaunum | 401 | 299 | 13% | 0,1% | 13% |
| Öryrki | 124 | 102 | 4% | 0,1% | 4% |
| Atvinnuleitandi | 25 | 33 | 1% | 0,0% | 1% |
| Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi | 19 | 28 | 1% | 0,0% | 1% |
| Heimavinnandi | 14 | 11 | 0% | 0,0% | 0% |
| Annað | 7 | 10 | 0% | 0,0% | 0% |
| **Fjöldi svara** | **2305** | **2283** | **100%** | | |
| Vil ekki svara | 22 | 21 | | | |
| **Alls** | **2327** | **2304** | | | |

Nokkrir þátttakendur merktu við „Annað, hvað?“ og tilgreindu stöðu í opnum svarreit. Svörum þessarar einstaklinga var fundinn staður í viðeigandi flokki eins og kostur var, en þegar það var ekki hægt voru svör þeirra sett undir liðinn „Annað“.

### *Tafla 11. Býrð þú í eigin húsnæði, leiguhúsnæði eða foreldrahúsum?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| Ég bý í eigin húsnæði | 1881 | 1642 | 72% | 1,8% | 72% |
| Ég bý í leiguhúsnæði | 267 | 339 | 15% | 1,5% | 15% |
| Ég bý í foreldrahúsum | 133 | 276 | 12% | 1,3% | 12% |
| Annað | 24 | 24 | 1% | 0,4% | 1% |
| **Fjöldi svara** | **2305** | **2280** | **100%** | | |
| Vil ekki svara | 22 | 24 | | | |
| **Alls** | **2327** | **2304** | | | |

### *Tafla 12. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns, það er þínar og maka þíns, að jafnaði á mánuði fyrir skatt?*

| | Fjöldi fyrir vigtun | Fjöldi eftir vigtun | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|---|---|---|---|---|
| 300.000 kr. eða lægri | 136 | 162 | 9% | 1,3% | 9% |
| 300.001 – 500.000 kr. | 279 | 263 | 14% | 1,6% | 14% |
| 500.001 – 700.000 kr. | 341 | 332 | 17% | 1,7% | 17% |
| 700.001 – 900.000 kr. | 330 | 310 | 16% | 1,7% | 16% |
| 900.001 – 1.200.000 kr. | 340 | 341 | 18% | 1,7% | 18% |
| 1.200.001 – 1.500.000 kr. | 242 | 233 | 12% | 1,5% | 12% |
| 1.500.001 – 1.800.000 kr. | 153 | 155 | 8% | 1,2% | 8% |
| 1.800.001 - 2.100.000 kr. | 47 | 44 | 2% | 0,7% | 2% |
| 2.100.001 - 2.400.000 kr. | 25 | 26 | 1% | 0,5% | 1% |
| Yfir 2.400.000 kr. | 31 | 31 | 2% | 0,6% | 2% |
| **Fjöldi svara** | **1924** | **1897** | **100%** | | |
| Veit ekki | 56 | 94 | | | |
| Vil ekki svara | 347 | 314 | | | |
| **Alls** | **2327** | **2304** | | | |